

## Upplýsingar fyrir lokapróf 6. desember kl. 13:00

### Uppbygging prófsins:

#### Munnleg hefð og rómantík (20%)

- Krossaspurningar 6%
- S/Ó spurningar 4%
- Pörunarspurning 4%
- Stutt ritgerð 6%

#### Goðsögur (40%)

- Krossaspurningar 10%
- S/Ó spurningar 10%
- Stuttar opnar spurningar (svara í einni til tveimur málsgreinum) 10%
- Ritgerðarspurning 10%

#### Þjóðsögur 40%

- Krossaspurningar 10%
- S/Ó spurningar 10%
- Stuttar opnar spurningar (svara í einni til tveimur málsgreinum) 10%
- Ritgerðarspurning 10%

### Undirbúnaðar spurningar:

Hér eru sex ritgerðarspurningar. **Einhverjar tvær þeirra munu koma á prófinu.**

- Loki birtist á ólíka vegu í hinum ýmsu goðsögum. Hvernig breyttist hann og af hverju er talið að sú breyting stafi? Vísaðu í goðsögurnar og taktu dæmi máli þínu til stuðnings.
- Hvað einkennir útilegumannasögur? Hvað er líkt og hvað ólíkt í þeim? Hver er tenging þeirra við raunverulega útilegumenn? Vísaðu í þjóðsögurnar og taktu dæmi máli þínu til stuðnings.
- Samskipti og tengsl ása og jötna eru nokkuð flókin í goðsögunum. Fjallaðu stuttlega um þau, vísaðu í goðsögur og taktu dæmi máli þínu til stuðnings.

- Fjallaðu um formfestukenninguna. Hverjir voru upphafsmenn hennar og í hverju felst hún. Hvernig er hún frábrugðin öðrum kenningum og nútímahugmyndum um munnlega hefð?
- Hvaða áhrif má ætla að upphaf akuryrkju, aukin sérhæfing og stéttaskipting hafi haft á þróun trúarbragða? Fjallaðu sérstaklega um hvernig breyttir samfélagshættir og tækniframfarir hafa áhrif á goðsögur.
- Berið saman ævintýrin um Mjallhvíti og Vilfríði Völufegri. Hvað er líkt og hvað ólíkt með þeim og hvað getur útskýrt þann mun? Vísaðu í ævintýrin og taktu dæmi máli þínu til stuðnings.

**Gangi ykkur vel!**